

Leiðbeiningar um bólusetningar við Covid-19 hjá einstaklingum með sögu um bráðaofnæmiskast (BOK, e. anaphylaxis)

Unnið að beiðni sóttvarnarlæknis Þórólfs Guðnasonar og farsóttarnefndar.
Unnið af Félagi Íslenskra Ofnæmis- og Ónæmislækna (FÍOÓL)

Hvar má bólusetja:

- Á sjúkrahúsum, heilsugæslum og heilbrigðisstofnunum sem geta sinnt BOK, æskilegt er að staðsetning sé í innan við 15 mínútna fjarlægð frá sjúkrahúsi eða stofnun sem getur sinnt bráðveikum. Ef grunur er um fyrri sögu um BOK, þá ætti að bólusetja á sjúkrahúsi

Eftirfarandi ofnæmissjúklinga má bólusetja :

Einstaklingar með sögu um bráðaofnæmiskast (BOK) vegna:

- Fæðuofnæmis
- Latexofnæmis
- Skordýraofnæmis (geitunga, bíflugur)
- Loftborinna ofnæmisvalda (dýra, frjókorna, myglu, rykmaura)
- Lyfja sem gefin eru um munn
- Ath að ættarsaga um BOK er ekki frábending

Þessir einstaklingar eru ekki líklegri til að fá BOK við bólusetningu en almennt þýði.

Eftirfarandi ofnæmissjúklinga á ekki að bólusetja :

Einstaklingar með sögu um BOK (Bráðaofnæmiskast-Anaphylaxis)

- af óþekktum toga
- vegna fyrri bólusetningar
- vegna annarra lyfja sem gefin eru í vöðva eða undir húð
- vegna ofnæmis fyrir *polyethylene glycol (PEG)* eða *polysorbate*

Hópar þar sem gæta þarf aukinna varúðar :

Ráðlagt er að bólusetja alla sem hafa astmaeinkenni eða óstabilan astma á sjúkrahúsi og bíða 30 mín

Ráðlegt er að bólusetja þá sem hafa undirliggjandi mastfrumuger (mastocytosis) á sjúkrahúsi og bíða 30 mín

Ráðlagt er að bólusetja alla sem eru á beta blokkerum á sjúkrahúsi/sjúkrastofnun og bíða 30 mín

Vísa á ofangreindum einstaklingum til göngudeildar ofnæmislækninga LSH:

Ef einhver vafi er til staðar um hvort bólusetja eigi viðkomandi einstakling er ráðlagt að senda tilvísun til göngudeildar ofnæmislækninga LSH eða til sérfræðinga í ofnæmis- og ónæmislækningum til frekara mats.

Einstaklinga sem fá BOK eða önnur ofnæmiseinkenni (útbrot og kláða, andþyngsli, ofsabjúg) eftir fyrri Covid bólusetningu á ekki að bólusetja aftur (ekki gefa skammt 2).

Almennt um framkvæmd bólusetninga :

1. Bólusetning skal framkvæmd á heilbrigðisstofnun af heilbrigðisstarfsmanni þar sem hægt er að meðhöndla bráðaofnæmiskast. Allur búnaður verður að vera til staðar til að meðhöndla BOK skv. leiðbeiningum (3) og læknir á staðnum.
2. Mælt er til þess að allir verði hafðir undir eftirliti í 30 mín eftir bólusetningu til að fylgjast með mögulegum aukaverkunum eins og bráðaofnæmiskasti.
3. Almennt ber að forðast kröftuga líkamlega áreynslu eftir bólusetningu (sama dag)

Meðferð Bráðaofnæmiskasts :

Einkenni : Útbrot og kláði, bjúgur, andþyngsli, kviðverkir, uppköst, BÞ fall:

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item34920/Br%C3%A1%C3%B0aofn%C3%A6miskast_PlakatA2.pdf

GEFA STRAX EPIPEN 0,3 mg í vöðva á utanvert lærið (0.15 mg fyrir börn og hjartasjúklinga), endurtaka ef þarf: : ADRENALIN er ALLTAF FYRSTA LYF VIÐ BRÁÐAOFNÆMISKASTI: Eða : Gefa *adrenalin í vöðva* utarlega framanvert á læri (EKKI IV), 0.5 ml af 1:1,000 (1 mg/ml) lausn (0.5 mg (fullorðinn) eða 0.3 mg (barn) . ; skráðu tímasetningu gjafar og skammt og endurtaktu eftir 5-15 mínútur, ef þörf krefur. Flestir sjúklingar svara 1 eða 2 skömmtum

TRENDELENBURG: Leggðu sjúkling á bakið eða í þægilega stellingu ef andþyngsli og/eða uppköst; hækkaðu undir fótleggjum; andláti hefur verið lýst sekúndum eftir að sjúklingur sest eða stendur skyndilega upp

VÖKVI OG SÚREFNI :

Súrefni til að halda uppi súrefnismettun t.d. 15 l/mín í andlitsgrímu

Vökvi : Uppsetning æðaleggjar, helst grófur leggur (14-16G). Ef þörf, gefðu 1-2 lítra af vökva hratt í æð (5-10 ml/kg á fyrstu 5-10 mínútum hjá fullorðnum; 20 ml/kg hjá barni). Oft er þörf fyrir frekari vökvagjöf

ANDHISTAMIN

Andhistamin : Difenhydramín 50 mg (börn 1 mg/kg) i.v., Histasín 20 mg p.o.

Ekki er mælt með að gefa stera í BOK . ATH ANDHISTAMIN ER ALDREI FYRSTA LYF Í BOK, það er notað við útbrotum og kláða í vægu ofnæmi.

Æskilegur Búnaður á Bólusetningastað :

Sprautur (1 mL, 2 mL, 10 mL, 20 mL)

Spritt og Bómullarhnoðra

Plástra

Latex fríir hanskar

Nálar (6-11 mm)

Æðaleggir (14G, 16G, 17G, 18G, 21G, 23G)

Vökvakerfi til inndælingar á vökva (NaCl og Ringer)

Andlitsgríma fyrir súrefni (fullorðinsstærð)

Súrefnikúta

Ambubag

Tæki til Barkaþræðingar 6-10 cm

Spacer – til að gefa innúðalyf (Ventolin)

Ventolin

BÞ mælir

Hlustunarpípa

Mettunarmælir

EKG

Heimildir :

1. Center for Disease Control and Prevention. *Allergic Reactions Including Anaphylaxis After Receipt of the First Dose of Pfizer-BioNTech COVID-19 Vaccine — United States, December 14–23, 2020.* <https://www.cdc.gov/mmwr/volumes/70/wr/mm7002e1.htm> Accessed 07.01.2020.)
2. EAACI statement on the diagnosis, management and prevention of severe allergic reactions to COVID-19 vaccines (January 2021). <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/all.14739>; Milega Sokolowska et al. *Allergy* 2021
3. American College of Allergy, Asthma, and Immunology (8. janúar 2021) <https://acaai.org/news/acaai-provides-further-guidance-risk-allergic-reactions-mrna-covid-19-vaccines>
4. [Bráðaofnæmi \(landlaeknir.is\)](http://braeaoefnaemi.is)
5. <https://acaai.org/news/acaai-provides-further-guidance-risk-allergic-reactions-mrna-covid-19-vaccines>